

Hampiðjan hf.

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 30. júní 2011**

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 30. júní 2011**

| Efnisyfirlit: | Bls. |
|---|-------------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra..... | 2 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda..... | 3 |
| Samandreginn rekstrarreikningur..... | 4 |
| Yfirlit um heildarafkomu..... | 4 |
| Samandreginn efnahagsreikningur..... | 5 |
| Samandregið yfirlit um breytingar á eigin fé..... | 6 |
| Samandregið sjóðstreymi..... | 7 |
| Skýringar..... | 8 - 9 |

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Skarfagörðum 4
Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2011 er samstæðureikningur Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður félagsins á tímabilinu 2.625 þúsund evrur og eigið fé í lok þess 41.072 þúsund evrur en af þeirri upphæð eru 5.192 þúsund evrur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um rekstur félagsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til júní 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2011

Stjórn:

Árni Vilhjálmsson
Sigurgeir Guðmannsson

Bragi Hannesson

Kristján Loftsson
Jón Guðmann Pétursson

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hampiðjunnar hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samandregni árshlutareikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 26. ágúst 2011

PricewaterhouseCoopers ehf

Ómar H. Björnsson

Kristinn F. Kristinsson

Rekstrarreikningur samstæðu

| | Skýringar | 1.1. - 30.6 2011 | 1.1. - 30.6 2010 |
|---|-----------|---------------------|---------------------|
| Sala | | 20.409 | 21.661 |
| Beinn framleiðslukostnaður | | <u>(13.705)</u> | <u>(14.323)</u> |
| Framlegð | | 6.704 | 7.338 |
| Rekstrarkostnaður | | <u>(4.222)</u> | <u>(4.076)</u> |
| Rekstrarhagnaður | | 2.482 | 3.262 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | (993) | (1.188) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélags | 4 | <u>1.431</u> | <u>(141)</u> |
| | | 438 | (1.329) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 2.920 | 1.933 |
| Tekjuskattur | | <u>(295)</u> | <u>(323)</u> |
| Hagnaður tímabilsins | | <u>2.625</u> | <u>1.610</u> |
| Skipting hagnaðar | | | |
| Hluti hluthafa móðurfélagsins | | 2.563 | 1.370 |
| Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga | | <u>62</u> | <u>240</u> |
| | | <u>2.625</u> | <u>1.610</u> |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (EUR cent á hlut) | | 0,53 | 0,32 |

Yfirlit um heildarafkomu

| | 1.1. - 30.6 2011 | 1.1. - 30.6 2010 |
|---|---------------------|---------------------|
| Hagnaður ársins | 2.625 | 1.610 |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga | (314) | 207 |
| Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags | (91) | 127 |
| Þýðingarmunur vegna skattaáhrifa | <u>(101)</u> | <u>145</u> |
| Heildarafkoma ársins | <u>2.119</u> | <u>2.089</u> |
| Skipting heildarafkomu | | |
| Hluti hluthafa móðurfélagsins | 2.083 | 1.908 |
| Hluti minnihluta | <u>36</u> | <u>181</u> |
| Heildarafkoma ársins | <u>2.119</u> | <u>2.089</u> |

Skýringar á bls. 8 - 9 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningssskila

Efnahagsreikningur samstæðu

| Eignir | Skýringar | 30/06 2011 | 31/12 2010 |
|--|-----------|---------------|---------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 31.712 | 32.254 |
| Óefnislegar eignir | | 4.459 | 4.596 |
| Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi | 4 | 14.269 | 13.124 |
| Fjárfestingareignir | | 471 | 472 |
| Tekjuskattsinneign | | 143 | 210 |
| | | <u>51.054</u> | <u>50.656</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Birgðir | | 15.547 | 15.254 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 8.952 | 8.366 |
| Handbært fé | | 5.095 | 6.123 |
| | | <u>29.594</u> | <u>29.743</u> |
| Eignir samtals | | <u>80.648</u> | <u>80.399</u> |
| Eigið fé | | | |
| Hlutfé | | 5.536 | 5.536 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 521 | 521 |
| Aðrir varasjóðir | | (681) | (201) |
| Óráðstafað eigið fé | | 30.504 | 28.391 |
| | | <u>35.880</u> | <u>34.247</u> |
| Hlutdeild minnihluta | | 5.192 | 5.990 |
| Eigið fé samtals | | <u>41.072</u> | <u>40.237</u> |
| Skuldir | | | |
| Langtímaskuldir | | | |
| Langtímaskuldir | | 19.492 | 21.302 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 1.873 | 1.747 |
| | | <u>21.365</u> | <u>23.049</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 5.602 | 4.721 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 12.609 | 12.392 |
| | | <u>18.211</u> | <u>17.113</u> |
| Skuldir samtals | | 39.576 | 40.162 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>80.648</u> | <u>80.399</u> |

Skýringar á bls. 8 - 9 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

| | Hlutfé | Yfir verðs- reikn | Aðrir vara- sjóðir | Óráðst. eigið fé | Hludt. minnihl. | Samtals |
|---|--------------|-------------------------|--------------------------|---------------------|--------------------|---------------|
| Staða 1. janúar 2010 | 5.536 | 521 | (901) | 26.434 | 5.992 | 37.582 |
| Heildarafkoma janúar til júní 2010 | | | 409 | 1.499 | 181 | 2.089 |
| Arður til hluthafa | | | | (380) | | (380) |
| Staða 30. júní 2010 / 1. júlí 2010 | 5.536 | 521 | (492) | 27.553 | 6.173 | 39.291 |
| Heildarafkoma júlí til desember 2010 | | | 291 | 838 | (183) | 946 |
| Staða 31. desember 2010 / 1. janúar 2011 | 5.536 | 521 | (201) | 28.391 | 5.990 | 40.237 |
| Heildarafkoma janúar til júní 2011 | | | (480) | 2.563 | 36 | 2.119 |
| Arður til hluthafa | | | | (450) | | (450) |
| Keypt af minnihluta | | | | | (834) | (834) |
| Staða 30. júní 2011 | <u>5.536</u> | <u>521</u> | <u>(681)</u> | <u>30.504</u> | <u>5.192</u> | <u>41.072</u> |

Skýringar á bls. 8 - 9 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningssskila

Sjóðstreymi samstæðu

| | Skýringar | 1.1. - 30.6 2011 | 1.1. - 30.6 2010 |
|---|-----------|---------------------|---------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 2.482 | 3.262 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 863 | 918 |
| Hagnaður fyrir fjárlíði (EBITDA) | | 3.345 | 4.180 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | (2) | (6) |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum | | (563) | (2.746) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 2.780 | 1.428 |
| Innborgaðir vextir og arður..... | | 302 | 196 |
| Greiddir vextir..... | | (738) | (492) |
| Greiddir skattar..... | | (41) | (295) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.303 | 837 |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna | | (230) | (961) |
| Kaup óefnislegra eigna | | (33) | (35) |
| Kaup og sala eignarhluta í öðrum félögum | | (834) | (146) |
| Handbært fé til fjárfestinga | | (1.097) | (1.142) |
| Fjármögnunarahreyfingar | | | |
| Bankalán, breyting | | (1.784) | 759 |
| Arður greiddur til hluthafa | | (450) | (383) |
| Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar) | | (2.234) | 376 |
| Hækkun á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs..... | | 6.123 | 4.218 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 5.095 | 4.289 |

Skýringar á bls 8 - 9 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningssskila

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra. Félagið er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Skarfagörðum 4 í Reykjavík.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Kauphallar OMX á Íslandi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 26. ágúst 2011.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2011 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi félagsins fyrir árið 2010.

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tiltekna aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 3.

2.2 Starfspáttaskýrslur

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfspáttum samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina sem einn starfspátt.

3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem talda eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Skýringar

4. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinist þannig:

| | Eignarhluti | Hlutdeild í hagnaði | Bókfært verð |
|---|-------------|------------------------|-------------------|
| HB Grandi hf | 9,43% | 1.431 | 14.269 |
| Samandregnar fjárhagsupplýsingar um hlutdeildarfélag í þús. evra: | | 30/06 2011 | 31/12 2010 |
| Eignir samtals | | 313.989 | 303.696 |
| Skuldir samtals | | 162.722 | 164.568 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélagsins | | 151.267 | 139.128 |
| Hagnaður hluthafa móðurfélagsins | | 15.166 | 7.254 |

5. Árshelmingayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árshelminga:

| | jan.-jún. 2011 | júlí - des. 2010 | jan.-jún. 2010 | júlí - des. 2009 | jan.-jún. 2009 |
|--|-------------------|---------------------|-------------------|---------------------|-------------------|
| Rekstrartekjur | 20.409 | 18.484 | 21.661 | 18.940 | 18.760 |
| Rekstrargjöld án afskrifta | (17.064) | (16.627) | (17.481) | (16.753) | (16.129) |
| Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) | 3.345 | 1.857 | 4.180 | 2.187 | 2.631 |
| Afskriftir | (863) | (955) | (918) | (897) | (855) |
| Rekstrarhagnaður (EBIT) | 2.482 | 902 | 3.262 | 1.290 | 1.776 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 438 | 297 | (1.329) | 3 | 366 |
| Hagnaður fyrir skatta | 2.920 | 1.199 | 1.933 | 1.293 | 2.142 |
| Tekjuskattur | (295) | (182) | (323) | (207) | (252) |
| Hagnaður árshelminga | <u>2.625</u> | <u>1.017</u> | <u>1.610</u> | <u>1.086</u> | <u>1.890</u> |

Tölur í árshelmingayfirliti eru óendurskoðaðar

6. Yfirlit yfir dótturfélög

| | Eignarhluti | Staðsetning |
|---------------------------------|-------------|---------------|
| Hampidjan Baltic UAB | 100% | Litháen |
| Hampidjan HiTec Ropes AS | 100% | Noregi |
| Hampidjan Namibia LTD | 100% | Namibíu |
| Hampidjan New Zealand LTD | 100% | Nýja Sjálandi |
| Hampidjan Canada LTD | 100% | Kanada |
| Hampidjan USA Inc | 100% | Bandaríkjunum |
| OTTER Ultra Low Drag LTD | 100% | Cayman Island |
| Balmar - Fios, Lda | 100% | Portúgal |
| Cosmos Trawl A/S | 100% | Danmörku |
| Swan Net Gundry LTD | 55,6% | Írlandi |
| Fjarðanet hf. | 51,0% | Íslandi |